



# Íslenska Pílukastsambandið

Fundargerð	
Yfirskrift / Efni:	Framhalds-aðalfundur ÍPS
Staðsetning:	PFR
Hvenær:	20.ágúst 2024
Pátttakendur:	15 manns ýmist í sal eða á Teams
Boðuð Forföll:	
Fundarstjóri:	Petrea Kr. Friðrískdóttir
Fundarritari:	Magnús Gunnlaugsson

Fundurinn var formsatriði til þess að ljúka aðalfund sem fram fór í janúar en var frestað þar sem ekki var unnt að fá fólk til þess að fylla í störf stjórnar.

Áður en fundur var settur bauðst fundargestum nær og fjær að gera athugasemdir varðandi fundarboðið og bárust engar athugasemdir. Var fundurinn því samþykktur löglega boðaður.

Skv. 1.gr aðalafundar var kosninga fundarstjóra og ritara.

Peta var kosin fundarstjóri og Magnús bauð sig fram sem ritara. Samþykkt af öllum viðstöddum.

Einungis þrjú mál voru á dagskrá.

## Kosning til stjórnar, kosning endurskoðanda reikning og önnur mál.

Peta setur fyrsta mál á dagskrá sem er kosning til bráðabirgarstjórnar skv 8.gr fráfaramandi laga.

Eitt framboð barst og bauð Pétur Rúðrik sig fram sem annan meðstjórnanda.

Pétur tók til máls og útskýrði að ástæða fyrir því að hann byði sig fram væri eingöngu þar sem bráðnauðsyn væri að manna stjórn.

Steinunni spurðist fyrir um hlutverk ritara og lýsti Magnús því hvert hans hlutverk hefði verið, að rita fundargerðir, ansa tölvupóstum, annast utanum hald dart.is ásamt formanni auk annarra tilfallandi verkefna.

Einhverjar umræður áttu sér stað undir þessum fundarlið og sagðist Pétur þá vera tilbúin að taka fremur að sér ritarann ef Steinunn hefði áhuga á því að taka meðstjórnandann sem úr varð.

Ásgrímur ákvað að gefa á sér kost í varaformann.

Var því efnt til kosninga er féllu á eftirfarandi veg.

Samþykkt var að Pétur yrði ritari með 9 atkvæðum, eitt atkvæði var greitt gegn, aðrir sátu hjá.



# Íslenska Pílukastsambandið

Samþykkt var að Steinunn yrði meðstjórnandi með 10greiddum atkvæðum, aðrir sátu hjá.

Samþykkt var að Ási yrði varaformaður 9atkvæðu, eitt atkvæði var greitt gegn, aðrir sátu hjá.

Bráðabirðgarstjórn fram til Píluþings 2025 er því svo hljóðandi.

- Formaður – Matthías Örn
- Varaformaður – Ásgrímur Harðarson
- Ritari – Pétur Rúðrik.
- Gjaldkeri – Viktoría Ósk (kosin '24 endurkosið á oddatölum)
- Meðstjórnandi – Brynja Herborg (kosin á oddatölu 2023 til 2025)
- Meðstjórnandi – Steinunn Dagný Ingvardóttir

Næsta mál á dagskrá var kosning endurskoðandi reikninga. Kristján Sigurðsson núverandi skoðandi var tilbúinn að gefa áfram kost á sér og var það samþykkt einhljóða.

## Önnur mál:

Diljá bað um orðið og spurði hvernig stæði á því að ekki væri verið að velja okkar sterkustu og færustu leikmenn til landsliðs, hvers vegna æfingar og mót á vegum ÍPS væru sett á sömu helgar og t.d WDF mót væru erlendis.

Peta beindi svarinu yfir til Péturs sem ræddi að hann hefði kynnt sínar áherslur, markmið, kröfur og helstu dagsetningar á ferð sinni um landið skömmu eftir að hann var valinn landsliðsþjálfari. Allar upplýsingar hefðu því legið vel fyrir fyrir úrtakshópnum. Ekki væri heldur búið að tilkynna endanleg hóp sem fer til Slóvakíu.

Dagsetningar móta voru síðan ákvarðar, samþykktar og gefnar út af Stjórn ÍPS undir lok árs 2023. Þess ber þó að geta að það er ávallt gefið út með fyrirvara.

Ási fylgdi því eftir með spurningu hvort að Stöð 2 hefði óskað eftir því að Úrvalsdeildin væri á laugardögum. Magnús svaraði því að svo hefði verið já. Þeir vildu gera íþróttinni hærra undir höfði og vera með útsendinguna á góðum tíma á laugardagskvöldum. Sem olli því að lokumferð Floridana hefði orðið sunnudaginn eftir úrslitakvöldið og annað úrvalsdeildarkvöld helgina sem Ísl.mót félagsliða var sett á. Þess vegna var Ísl.móti félagslið flýtt þar um tveggja daga mót er að ræða og lokaumferð floridana felld niður, þær eru þó jafnmargar og árið á undan. Sex talsins.

Ekki voru fleiri mál tekin til umræðu og var fundi því slitið 19:47.

f.h ÍPS

Fráfarandi Ritari

Magnús Gunnlaugsson